

Skýrsla af 107. þingi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO)

Genf 28.5 – 8.6 2018

Sendinefndin

Sendinefnd Íslands á þinginu var skipuð eftirtöldum aðilum: Frá velferðarráðuneytinu: Ásmundur Einar Daðason, félags- og jafnréttismálaráðherra, Anna Lilja Gunnarsdóttir ráðuneytisstjóri, Arnar Þór Sævarson, aðstoðarmaður ráðherra, Eva Margrét Kristinsdóttir lögfræðingur og Gylfi Kristinsson ráðgjafi. Frá utanríkisráðuneytinu: Harald Aspelund, sendiherra Íslands gagnvart Alþjóðastofnunum í Genf, Andri Júlíusson sendiráðunatur, Nína Björg Jónsdóttir sendifulltrúi og Edda Björk Ragnarsdóttir sendiráðsritari. Fulltrúi íslenskra atvinnurekenda: Kristín Þóra Harðardóttir, lögfræðingur Samtaka atvinnulífsins. Fulltrúi íslensks launafólks: Magnús M. Norðdahl, lögfræðingur Alþýðusambands Íslands (ASÍ). Varamaður hans var Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir, formaður Félags hársnyrtisveina. Hún sat jafnframt Genfarskólann ásamt Rut Ragnarsdóttur bókaverði frá BSRB.

Megin málefni

1. Félagsleg samræða og þríhliðasamstarf (almenn umræða).
2. Ofbeldi og einelti gegn konum og körlum í heimi vinnunnar (fyrri umræða).
3. Afnáam Samþykkt nr. 21, 50, 64, 65, 86 og 104 og Tilmæla nr. 7, 61 og 82.
4. Virk þróunaraðstoð ILO til styrktar sjálfbærri þróun (almenn umræða).
5. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykkt.

1. Félagsleg samræða og þríhliðasamstarf.

Alþjóðavinnumálaþingið fjallar reglulega um framkvæmd yfirlýsingarinnar frá árinu 2008 um félagslegt réttlæti fyrir sanngjarna hnattvæðingu. Að þessu sinni var fjallað um félagslegu samræðuna (Social Dialog) og þríhliðasamstarf (Tripartism). Magnús M. Norðdahl sat í þessari nefnd og var valinn til setu í samninganefnd hennar (drafting committee) en Plamen Dimitrov stýrði hennar fyrir hönd launafólks. Nefndarstörfin voru einkar erfið í fyrstu. Helgaðist það fyrirst og fremst af mjög stuttum og veikum upphafsdrögum. Þau drög eru unnin af starfsmönnum ILO og eiga að endurspeglar frumræður talsmanna um hvern efnisþátt. Það gerðu þau ekki og þurftum við að semja nánast öll okkar helstu sjónarmið inn. Allir fundir samninganefndar urðu langir og erfiðir og stóðu frá því snemma dags og fram yfir miðnætti. Að lokum urðu niðurstöður ásættanlegar. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

2. Ofbeldi og einelti gegn konum og körlum í heimi vinnunnar (fyrri umræða).

Ákveðið var árið 2016 að gera þetta að umræðuefni í ár þar sem mögulega yrði gerð ný samþykkt eða tilmæli um þetta mál. Um haustið 2017 var öllum aðildarþjóðum sendur spurningalisti. Sem svo var tekin saman í skýrslu með svörum allra. Þegar sú skýrsla er lesin má sjá að skiptingin milli þess að vilja Samþykkt eða eingöngu Tilmæli var til helminga, en fljótlega varð ljóst að flestir kölluðu eftir hvoru tveggja, samþykkt með tilmælum til viðbótar. Heimur vinnunnar (e. world of work) er mjög breiður eins og gefur að skilja, það var því mikilvægt að hafa breitt umfang til að Samþykktin nái yfir alla þá er sátt tekst um hana. Allir séu lausir undan ofbeldi og áreiti á vinnustað og alstaðar þar sem það getur haft áhrif á vinnuna. Í þessu er líka átt við heimilisofbeldi þar sem það getur líka haft áhrif á vinnustaðinn þrátt fyrir að ofbeldið gerist heima en ekki í vinnunni. Í nefndarstörfum var ljóst að atvinnurekendur vildu reyna að þrengja umfangið til að reyna að minnka þá ábyrgð sem gæti falist í tilvonandi Samþykkt. Kannski má tala um að atvinnurekendur hafi verið að reyna að tefja nefndarstörf vegna þess að hlutirnir gengu ekki nógu vel hjá þeim. Í upphafi var áætlun launafólks að setja

ekki inn margar breytingatillögur á textann sem enda þóttu drögin bara nokkuð góður. Í hópnum ríkti mikil samstaða, ekki hvað síst vegna framgöngu og stjórnunar talskonu hans, Marie Clarke Walker frá Kanadíska Alþýðusambandinu. Í heildina vann launafólk marga litla sigra með því að fá í gegn texta sem víkkar umfangið. Sem dæmi má nefna að í textanum er talað um heim vinnunnar (e. world of work) en ekki vinnustað (e. workplace) sem er þrengra hugtak. Á einum stað í textanum (proposed conclusions) var tekinn saman listi með öllum þeim minnihlutahópum sem mest eiga í hættu að verða fyrir ofbeldi og áreiti og það má segja að sá listi hafi verið mesta hitamálið í þessum nefndarstörfum. Á þessum lista var meðal annarra hópa talað um LGBTI fólk. En mörg lönd í Afríku og víðar hafa lög sem banna slíkt. Þegar átti að ræða þetta í nefndinni fór að lokum svo að mörg lönd yfirgáfu salinn og sögðust ekki geta staðið að baki neinni samþykkt sem innihéldi tilvísun sem þessa. Reynt var að taka út listann og hafa bara tilvísun í alla minnihlutahópa. Ekki tókst m.a. af þessum ástæðum að klára að fara yfir allan textann í ár. Mikil vinna er því fyrir höndum á næsta ári. Rut Ragnarsdóttir fylgdist með störfum þessarar nefndar. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

3. Afnám Samþykkt nr. 21, 50, 64, 65, 86 og 104 og Tilmæla nr. 7, 61 og 82.

Engin sérstök umræða varð hér um enda um að ræða Samþykki og Tilmæli sem annað af tvennu eru löngu úrelt og eða hafa verið leyst af hólmi með nýjum. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

4. Virk þróunaraðstoð ILO til styrktar sjálfbærri þróun (almenn umræða).

Umfangsmikill þáttur í starfi ILO er aðstoð við þróunarríki. Með nokkurra ára millibili er stofnað til umræðna um þennan þátt starfseminnar; hann veginn og metinn og skipst á skoðunum um það hvað megi fara betur. Í umræðum kom fram að markmiðið er að aðstoða aðildarríkin við að hrinda í framkvæmd áætluninni um mannsæmandi vinnuskilyrði fyrir alla og vinna að framkvæmd þeirra þátta í áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem heyra til verksviðs ILO. Fulltrúar sem tóku þátt í starfi þingnefndar um þetta málefni voru sammála um að mikilvæg viðfangsefni og tækifæri felast í breytingum sem nú eiga sér stað í félags-, efnahags- og umhverfismálum í heiminum að því er varðar framvindu vinnumála. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

5. Nefnd um framkvæmd alþjóðasamþykktar.

Nefndarstarfið hófst að venju með almennum umræðum sem að þessu sinni byggðu á skýrslu um framkvæmd Samþykktar og Tilmæla um lengd vinnutíma. Þess má geta að Ísland hefur ekki fullgilt neina af þeim samþykktum sem til umræðu voru er segja verður þó að meginefni þeirra og um margt strangari reglur gilda hér á landi, að hluta byggt á evrópsku og norrænu samstarfi. Sérstakar hindranir standa því ekki í vegi að Samþykktirnar verði fullgiltar. Í framhaldi almennrar umræðu var fjallað um framkvæmd einstakra aðildarríkja á fullgiltum samþykktum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar. Að þessu sinni tókst sátt milli fulltrúa atvinnurekenda og fulltrúa launafólks um hvaða lönd og hvaða Samþykktir skyldu teknar fyrir. Fulltrúar launafólks hefðu kosið og fleiri mál er lúta að félagafrelsi hefðu verið tekin fyrir en sáttin gerði annars vegar ráð fyrir jafnvægi milli heimshluta og hins vegnar milli grundvallarsamþykktar. Fjallað var um 24 alvarleg brot. [Niðurstöður nefndarinnar.](#)

Genfarskólinn

Genfarskólinn, er skóli á vegum norrænu verkalýðshreyfingarinnar sem haldinn er í tengslum við þing Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar og starfaði að venju með miklum krafti. Íslensku

Þátttakendurnir tóku virkan þátt í starfi skólans ásamt öðrum nemendum frá hinum Norðurlöndunum. Nemendur fylgdust með störfum mismunandi nefnda þingsins, fengu fyrirlestra um starfsemi ILO og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Unnið var í ákveðnum málefnaþópum og í lok þingsins skilaði hver hópur skýrslu um þann málaflokk sem hann valdi að fylgja eftir á meðan á þinginu stóð. Nánari upplýsingar um Genfarskólann er hægt að finna á meðfylgjandi slóð: [Genfarskólinn](#)

Mat o.fl.

Sú sátt sem að tókst í fyrra eftir átök undanfarinna ára um störf nefndar um framkvæmd samþykpta (CAS) hélt að mestu. Launafólk hefur haldið fast við að engin stefnubreyting verði hvað varðar þau grundvallarréttindi sem fylgt er eftir þ.m.t. hvað varðar verkfallsréttinn. Átök um hann halda hins vegar áfram á vettvangi félagafrelsis nefndarinnar (CFA) en vonir standa til þess að meiri friður geti skapast um störf hennar. Þau ánægjulegu tíðindi urðu á þinginu að Ásmundur Einar Daðason afhenti fullgildingarskjöl Íslands á Samþykkt 187. Vonandi er þetta merki um betri tíma en þetta er annað árið í röð sem Ísland afhendir fullgildingarskjöl.

Ágúst 2018,

Magnús M. Norðdahl